

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1144 Fjarðalax hf. Patreksfjörður og Tálknafjörður (endurútgefið)	Strandgötu 43 460 Tálknafjörður	Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri Jónas Snæbjörnsson Stöðvarstjóri - Laugardal			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	17.11.2020	18.12.2020	10,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 21 skoðunatriða af 21. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 4 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
6.1.1 Mat á úrbótum	5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva
	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva
	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Aðrar athugasemdir

Í ljósi aðstæðna vegna Covid-19 faraldurs voru gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að minnka líkur á smiti. Eftirlit með gæðakerfi og skráningum fór því fram sem rafrænt eftirlit þann 17. nóvember sl. af undirrituðum ásamt starfsmanni Matvælastofnunar (Karli Steinari Óskarssyni)

Tölvupóst samskipti áttu sér stað á milli eftirlitsmanna Matvælastofnunar og gæðastjóra Arnarlax, þar sem kallað var eftir þeim gögnum sem Matvælastofnun hefur eftirlit með. Í framhaldi var haldinn fjarfundur þar sem farið var yfir þau með ábyrgðaraðila fyrirtækisins.

Þann 7. desember sl. mættu eftirlitsmenn Matvælastofnunar í höfuðstöðvar Arnarlax á Tálknafirði þar sem farið var út á staðsetningu Arnarlax í Tálknafirði og eldisbúnaður og fiskur skoðaður. Flutningur á fisk í tvær kvía átti sér stað í lok nóvember og eru há afföll í þeim kvíum og mikið um sárafisk í yfirborðinu. Dýralæknar fisksjúkdóma hafa verið upplýstir um stöðu mála.

Þó nokkrar athugasemdir eru gerðar við starfsemina en má sjá þær hér að neðan.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnisýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnisýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Fjarðalax hf. Patreksfjörður og Tálknafjörður
(endurútgafið)
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Fjarðalax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Yfirmaður sjódeildar

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 14.12.2020

Frávik

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun vegna tjóns á kvíum vegna slysa/áreksturs skv. Viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 14.12.2020

Frávik

Ekki hefur verið framkvæmd sannprófun eins og bera skal skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi.

skv. Viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 skal sannprófa innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári.

5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 13.11.2019

Frávik

Árlegur fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar er ekki haldinn.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal árlega halda fund með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þáttöku starfsmanna skal skrá í þjálfunarskrá.

5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Sett inn: 14.12.2020

Í lagi

Bæta má skráningar í þjálfunarskrá, þó nokkrir starfsmenn búnir að hljóta þjálfun sem ekki hefur verið skráð í þjálfunarskránni í EQS

6 - Úrbætur

6.1 - Úrbætur

6.1.1 Mat á úrbótum

Sett inn: 14.12.2020

Alvarlegt frávik

Frávik úr síðasta reglubundna eftirliti Matvælastofnunar hafa ekki verið lagfærð. Athugasemd við skoðunaratriði nr. (5.1.5 og 5.1.6) er tengist sannprófun og árlegum fundi með öllum starfsmönnum um gæðahandbók er ólagfært og er því merkt við alvarlegt frávik hér í þessum lið.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

2.1.3 Stöðvaskírteini sjókvíaeldisstöðva

3.1.1 Batar og flutningstæki	3.1.3 Eldisbúnaður	3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun
3.1.5 Eldissvæði	3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	3.1.7 Framkvæmd flutnings
3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga	3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga	3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví
4.1.1 Dagbókarfærslur	4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu	5.1.1 Þjálfun starfsfólks
5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva	5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva	

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.